

BORGARRÁÐ 20. maí 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi breytingu á gjaldskrá akstursþjónustu fatlaðra - R21050227

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort stefnt sé að því að breyta gjaldskránni vegna akstursþjónustu fatlaðra og ef það á ekki að gera það hvaða rök standa að baki því að breyta ekki gjaldskránni? Það er mismunur að fötluðum einstaklingum sem eru tilneyddir að nota ferðaþjónustu fatlaðra sé gert að greiða hærra gjald en aðrir sem geta notað annarskonar samgönguleiðir. Í 29. gr. gjaldskrárinnar um akstursþjónustu kemur fram að sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald fyrir akstursþjónustu samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórnir skulu setja og skal gjaldið vera sambærilegt gjaldi fyrir almenningsamgöngur á viðkomandi svæði. Hér segir að gjaldið skuli vera sambærilegt gjaldi fyrir almenningsamgöngur. Þarna er ekki um neitt val að ræða hjá sveitarfélögunum. Árskort eru seld með almennum hætti og ættu þar með að vera þau kjör sem öllum standa til boða. Þetta ætti þá að vera það gjald sem miðað er við, því ákvæðið er tengt við almenningsamgöngur. Í athugasemdunum sem fylgdu frumvarpinu sem varð að lögunum kemur fram að tilgangurinn með lagabreytingunni var að innleiða með efnislegum hætti 20. gr. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks Mikilvægust er 5. gr. SREF í þessu samhengi sem kveður á um bann við hvers kyns mismun á grundvelli fötlunar, á öllum sviðum, alltaf alls staðar.